

að vel megi handleika þau berum höndum. Brauðin mega ekki hafa meira vatn í sjer en 38%, þó skal það eigi teljast brot þótt einstöku brauð sjeu 3% ljettari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum, alt að 100 kr., sem rennur í bæjarsjóð Siglufjarðar.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 11, 16. mars 1917, um þyngd bakara-brauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

eyðing refa í Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI.

1. gr.

Á sameiginlegum fjallskilafundi hvers leitarsvæðis, skulu viðkomandi hreppsnefndir kjósa 1 mann til þess að hafa yfirumsjón refaeyðingarmála á leitarsvæðinu, og kallast hann refaeyðingarstjóri.

2. gr.

Hver búandi maður, er árlega skyldur að leita grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, (sbr. 8. gr. fjallskilareglug.). Á afrjettum og fjalllöndum skal leita grenja einu sinni eða tvisvar á vori hverju,

51 og kveður refaeyðingarstjóri menn til þess, og skal skotmaður ávalt vera með í förinni. Finnist gren, sem refir eru við, í grenjaleit, skal skotmaður strax leggjast á grenið, en sá eða þeir er skotmaður kveður til þess, útvega honum þá aðstoð og hjálp sem til þess þarf. Finnist gren utan grenjaleitar, skal finnandi strax gera refaeyðingarstjóra aðvart, og gerir hann þá þegar nauðsynlegar ráðstafanir.

3. gr.

Með skotmanni skal ætíð vera vökumaður á grenjum, og skal hann ef mögulegt er líka vera skyttta. Skulu þeir liggja þrjá sólarhringa á greninu, ef ekki eru áður unnin þau fullorðin dýr, sem þar eiga heima og yrðlingum náð. Vinnist gren ekki að fullu skal skotmaður sjá um að eitrad agn sje skilið eftir í greninu, og má hann þá ekki frá hverfa fyr en sólarhring eftir að eitrad var, ef yrðlingar eru í greninu. Gren má ekki rjúfa nje bræla.

4. gr.

Skotmaður fær 15 kr. fyrir hvert fullorðið dýr, enda sanni hann fyrir refaeyðingarstjóra, að hann hafi unnið dýrið. Auk þess fær hann 8 kr. fyrir hvern yrðling sem hann nær og lógar. Skotmaður og vökumaður fá dagkaup sem um semur.

5. gr.

Refaeyðingarstjóri skal halda bók yfir eyðing refa og gera skýrslu um það eftir fyrirmynd er stjórnarráð Íslands setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu, með stuttri en glöggri lýsingu, svo finna megi grenið af henni. (Best væri að kort herforingjaráðsins fylgi og væru grenin merkt á það).

6. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma, og skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af fyrir menn og búfje. Refaeyðingarstjóri skal brýna það fyrir þeim er hann felur að eitra, að sjeu rjúpur eitradar, þá sje skylt að auðkenna eitruðu rjúpurarnar með því að stýfa af þeim hálfan hægri væng. Til eitrunar skal nota „stryknin“ eða annað eitur ekki ósterkara, og skal refaeyðingarstjóri jafnan sjá um að nægar birgðir af því sjeu fyrir hendi. En gæta skal hann þess að eitrið komi í einskis manns hendur, nema þess er hann felur að eitra.

7. gr.

Allan kostnað við eyðingu refa skal greiða úr fjallskilasjóði þess leitarsvæðis sem landið liggur í. Þar sem hreppar eiga afrjett

utan sýslu, skal refaeyðingarkostnaður greiðast af fjallskilasjóði viðkomandi hreppa.

51
8. júní

8. gr.

Þeim skotmanni, sem sama vor vinnur sex fullorðin dýr, greiðir sýslunefnd 100 kr., sem verðlaun fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar með vottorði refaeyðingarstjóra að hann hafi unnið dýrin.

II. KAFLI.

9. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, áður en eldi byrjar. Fyrir leyfið greiðast 5 kr. er renna í sýslusjóð. Auk þess greiðir leyfishafi 5 kr. í sýslusjóð fyrir hvern belg sem hann sýnir og söluhæfir eru. Sama gildir um lifandi dýr sem seld eru. Fyrstu beiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem um getur í 10. gr.

10. gr.

Yrðlingaeldi skal banna, nema þeir sjeu hafðir í öruggu byrgi, er varið sje í hólf og gólf með sterku stálneti eða steinsteypu. Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka byrgi þessi út, og meta hvort tryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar kæra það fyrir sýslumanni.

Sá sem elur refi skal borga þessar úttektargjörðir svo sem venja er um aðrar úttektir.

11. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Skal hann hið fyrsta eftir að grenjavinsla er hjá liðin, og yrðlingaeldi er komið á, fara til og telja yrðlinga þá sem á eldi eru, og sjá um að tryggilega sje um þá búið. Þegar eldi er lokið og refir drepnir, skal hreppstjóri fara til og telja skinnin hjá refaeldismanni. Vanti nokkuð í tölu þeirra yrðlinga er teknir voru á eldi að sumrinu, sektast refaeldismaður, fyrir hvern yrðling sem á vantar, svo sem hann hefði sloppið, nema full sönnun komi fyrir að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgist honum af þeim sem yrðlingana elur, svo sem fyrir er mælt um ferðakostnað úttektarmanna.

12. gr.

Fyrir hvern yrðling sem sloppið hefir frá refaeldismanni greiðir hann 75 kr. í sekt. Sama gildir um hvern yrðling sem sleppur í flutn-

51 ingi frá grenjum eða á annan hátt. Sekt greiðir sá er yrðlingana átti 8. júní eða hafði þá í vörslum.

13. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum frá 10—500 kr. er renna í fjallskilasjóð.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samíð og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, samanber lög nr. 48, 28. nóv. 1919, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

52
8. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á fjallskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

1. gr.

14. gr. fjallskilareglugjörðar breytist þannig:

Á eftir orðunum „og notar eigi sinn eigin afrjett“ bætist inn í greinina: „er honum þó skylt að gera fjallskil á afrjett sinn.“

2. gr.

24. gr. 2. liður orðist þannig:

Oddstaðarjett. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður að Kalda-